

Nr. 22-045 S 032 Hrafn Sveinbjarnarson GK 255***Skipverji fær eiturefni í andlit***

Skipaskr.nr. 1972 IMO nr. 8709810
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1988 stál
Stærð: 1.551 BT.
Mesta lengd: 62,96 m Skráð lengd: 54,08 m
Breidd: 11 m Dýpt: 7,45 m
Vél: Deutz 1850 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 25

Gögn:

Gögn RNSA
Gögn LHG



Hrafn Sveinbjarnarson ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 25. júní 2022 var Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 á togveiðum. Veður: N 2-4 m/s.

Vélstjórar höfðu verið að störfum við að losa stíflu í öndunarröri skólptanks þegar einn þeirra fékk eiturefni framan í sig og kenndi sér meins í augum. Haft var samband við Landhelgisgæsluna sem sendi þyrllu til móts við skipið og kom skipverjanum undir læknishendur.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Á tanknum var önnur öndun sem fór út fyrir borðstokkinn en hún reyndist einnig stífluð.
- Til þess að minnka þrýsting í tanknum útbjuggu þeir öndun með ¼ tommu lögna sem skilaði ekki hlutverki sínu.
- Þeir fjarlægðu hlíf ofan af öndunarrörinu til að fá betra aðgengi að stíflunni.
- Eftir margar tilraunir til að ná til stíflunnar með vír og priki var ákveðið að nota stíflueyði. Tvær gerðir af stíflueyði voru notaðar, „Trausti og Grettir sterki“ en þeir unnu ekki á stíflunni.
- Ákveðið var að taka öndunarrörið af við þilfar til þess að fá betri aðgang að fyrirstöðunni í rörinu og var notast við breiðari tein við að losa stífluna.
- Skipverjinn stóð til hliðar við öndunaropið þegar skyndilega gaus upp vökvi sem lenti í andliti hans.
- Skipverjinn var með eyrnahlífar og derhúfu sem hann taldi að hefði beint vökvanum að andliti hans.
- Skipverjinn var ekki með hlífðargleraugu.
- Stíflueyðarnir innihalda brennisteinssýru (H_2SO_4) sem er sterk ætandi sýra og hættuleg berist hún í augu eða lendir á húð og gufur frá henni eru hættulegar við innöndun.

- Í leiðbeiningum segir að ekki megi blanda efnin hvort um sig öðrum efnunum en þar sem þau innihéldu sama efni „brennisteinssýru“ er ólíklegt að blöndun efnanna hafi orsakað efnahvarf.
- Í leiðbeiningum með efnunum er sagt að nota skuli hlífðargleraugu og gúmmíhanska við notkun.
- Efnin eru í áhættuflokki 8 sem er ætandi og tærandi efni í áhættusetningu H35.
- Skólptankur þar sem engin öndun er til staðar heldur áfram að brjóta niður lífræn efni og myndar gas. Eru því allar líkur á að þrýstingur hafi verið byrjaður að myndast í tanknum.

***Nefndarálit:***

Orsök atviksins má rekja til óvarkámi og til þess að ekki var notaður nauðsynlegur öryggisbúnaður.